

## UM HVAD SNÚAST STJÓRNMÁL?

Það kann að virðast óþarf að leita svara við þeirri spurningu, sem er yfirschrift þessa spjalls. En sannleikurinn er sá, að menn hafa afar ólikar skoðanir á því, hvað pólitík er í raun og veru og um hvað stjórnmál snúast fyrst og fremst.

Ymsir mundu afgreiða slika spurningu á þann hátt, að pólitík sé fyrst og fremst framagirni og eiginhagsmunapot og stjórnmál snúist um það eitt að komast að kjötkötłum til þess að geta deilt og drottnað. Aðrir vilja trúa því og treysta, að stjórnmál snúist um hugsjónir og málefni. Hvorir tveggja hafa auðvitað nokkuð til síns máls, og kannski væri betra að umorða spurninguna og spyrja um hvað stjórnmál eigi að snúast.

Við kvennalistakonur höfum reyndar frá upphafi fengið að heyra það - oft og mörgum sinnum - að barátta okkar og starfsaðferðir ættu harla lítið skyld við stjórnmál og við værum í rauninni ekki í alvörupólítík. Málsmetandi menn hafa jafnvel látið hafa ýmislegt eftir sér á prenti, þar sem þetta álit kemur fram, ýmist reyndar á konum almennt eða á kvennalistakonum sérstaklega. Góð úttekt á því biður sagnfræðinga, en ég nefni dæmi:

Gamalreyndur stjórnmálamaður var spurður að því i viðhafnarviðtali, hvort honum fyndist ekkert aðalatriði að hafa konu í öðru sæti á framboðslista flokks hans - og lét ég nú liggja á milli hluta, hvers vegna 2. sætið var til umræðu en ekki t.d. 1. sætið. Og maðurinn svaraði orðrétt:

"Nei, ekki að viðkomandi sé kona. Það væri mjög mikill plús, ef við hefðum konu, sem hefur svipaða reynslu og karlmaður, en bara að það sé kona, það get ég ekki fallist á.

Af ýmsum ástæðum hafa konur átt í erfiðleikum með að ná sér í slika reynslu, vegna þess að þær hugsa enn sem komið er um börnin og heimilið. Þær hafa að minnsta kosti fram að þessu ekki unnið jafn mikið í stjórnmálflokkum og eru þær af leiðandi ekki jafn vel inni í málum. Ekki fyrir það að þær séu ekki jafn vel gerðar, en hver myndi fá sér verkamann af götunni til þess að byggja fyrir sig húsi? Maður myndi auðvitað vilja mann, sem hefði reynslu og vissi hann væri að gera. Það er alveg sama lagiðið í pólitíkinni." (Stefán Valgeirsson).

Nú, hann er sannarlega ekki sá eini, sem hefur lögmálið á hreinu. Hér er tilvitnun í annan gamalreyndan stjórnálamann, sem lýsti forundran sinni á framgangi Kvennalistans með þessum orðum: "...ég eiginlega undrast það, hvað Kvennalistinn kemst lengi upp með að vera í umræðunni án þess að tala um stjórnál eins og við flestir hverjir, sem höfum starfað í þessu, lítum á þau." (Halldór Ásgrimsson).

Það er í sjálfu sér tilviljun, að þessir ágætu menn eru báðir framsóknarmenn, og til þess að verða nú ekki sökuð um tortryggilegan áhuga á framsóknarmönnum, þá dreg ég fram enn eitt dæmið úr úrkippusafni mínu og vitna til orða fjandvinar Kvennalistans, sem sagði í einni af sinum mörgu greinum, að "...allir karlmenn hefðu í mugust á kvennahreyfingunni nema einhverjir veikgeðja menn og litilsigldir. Við hinir höfum mænustu skömm á henni, því við skynjum, að þessu er beitt gegn okkur." (Baldur Hermannsson).

Fótt þessi dæmi séu kannski að sumra mati of kjánaleg til að taka þau alvarlega, þá er það nú mitt mat, að þarna birtist í hnottskurn ríkjandi viðhorf samfélagsins, sem karlar hafa að sjálfsögðu mótað, og ekki bara til stjórnála, heldur i flestum greinum.

Það er auðvitað rík tilhneicing til þess að afgreiða slik viðhorf einfaldlega sem karlrembu, en það er ódýr afgreiðsla. Þetta eru í rauninni grunnhugmyndir, sem við er að fást, hugmyndir, sem gera konum erfitt fyrir á svo mörgum sviðum. Þetta er ekki bara spurningin um karl eða konu, karlrembu eða kvenfyrirlitningu. Þetta er spurningin um karlkennndu og kvenkenndu þættina, sem viðsulega finnast í fólkis af báðum kynjum.

Um þetta fjallar Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur dálitið í viðtali í nýjustu VERU. Þar segir hún m.a. frá bandarískri konu, Evelyn Fox-Keller kjarneðlisfræðingi og doktor frá hinum þekkta Harvard háskóla, en hún veitir nú forstöðu rannsóknarstofnun í kvennafræðum við Berkeley háskóla í Kaliforniu.

X Við sunnustudum à Helgu kross með  
í gærkvöldi kljónum að kinka holti  
imra með oklum.

3.

Evelyn átti mjög erfitt uppdráttar í fagi sínú, kjarneðlisfræðinni, þrátt fyrir gott próf, og hún sættir sig ekki við að skýra þá staðreynd einfaldlega með karlrembu og kvænfyriirlitningu, heldur telur, að skýringanna sé að leita í grundvallarhugmyndum um eðli raunví sindanna.

Niðurstaða Evelynar er, að grundvallarhugmyndin, sem starf raunví sindamannsins byggist á, sé sú, að karlkennd öfl nái að sigrast á, temja og koma reglu á hin kvenkenndu öfl náttúrunnar. ~~X~~ Ætundun raunvíinda sé í raun mjög "karlmannlegt" atferli, þ.e. leið mannsins til að sanna andlega yfirburði gagnvart hinni kvenkenndu náttúru.

Þessi kenning eða niðurstaða Evelynar sótti fast á huga minn í fyrradag, þegar ég sótti Orkuþing og flutti þar reyndar erindi. Það kostaði kr. 20 þús. að taka þátt í þessu þingi, sem stóð í 2 daga og lauk í gærkvöldi með lokahófi, sem kostaði 5 þús. kr. á mann.

Það verður ekki annað sagt en að á þessu þingi hafi allt að öðru leyti verið með ákaflega karlmannlegu yfirbragði. 68 erindi voru flutt þarna, saman af 78 manns, þar af voru 2 konur og önnur þeirra naut aðstoðar tveggja karla við sitt verk. Fundarstjórar voru 16, allt karlar, og 8 karlar voru í pallborði. Þar fyrir utan voru skráðir þátttakendur 174, þar af 11 konur, og 1 kona var i 13 manna undirbúningshópi.

Það voru þó ekki þessar staðreyndir fyrst og fremst, sem hrærðu huga minn, heldur viðfangsefni þingsins, sem ég sá allt í einu í nýju ljósi. Þarna var grunnhugmyndin lifandi komin, grunnhugmyndin, sem Evelyn Fox-Keller talar um, að starf raunví sindamannsins byggist á, þ.e. að karlkennd öfl nái að sigrast á, temja og koma reglu á hin kvenkenndu öfl náttúrunnar. ~~Einmitt~~ Þarna var maðurinn að reyna að sanna andlega yfirburði síná gagnvart hinni kvenkenndu náttúru. Þið getið svo rétt imyndað ykkur í hvaða dýr og moll erindi undirritaðrar var.

Sama hugmynd er í rauninni lögð til grundvallar í bók Wendyar Brown, KARLMENNSKA OG STJÓRNMÁL, sem kom út 1989 og Inga Dóra segir einnig lítillega frá í fyrrmefndu VERU-viðtali. Í bók sinni leitast Wendy við að svara þeirri spurningu, hvers vegna konur á Vesturlöndum eigi svo erfitt með að hasla sér völl á stjórnmálasviðinu og hvers vegna málezfni, sem tengjast konum fyrst og fremst, fá litla sem enga umfjöllun meðal stjórnmálamanna. Í stað þess að velta fyrir sér stöðu kvenna í stjórnmálum á venjulegan hátt, *p.e.s. hversu margar eru sunnulær fjarðar þær eru* þá kannaði Wendy virkni kvenkenndra og karlkenndra þátta á vettvangi stjórnmálanna. Og niðurstaða hennar var í stuttu máli sú, að viðurkennd stjórnmál og stjórnmálastarf byggðist í raun á afneitun á kvenkenndum öflum og sigri yfir þeim. Stjórnmál snúast að hennar dómi ekki um lífið, um frumþarfir likamans og hið náttúrulega, og kenning hennar er sú, að með þátttöku í stjórnmálum séu karlmenn að sigrast á kvenkenndum öflum bæði í sjálfum sér og í samféluginu og öðlist við það karlmennsku og andlega reisn.

Hvað sem þessu öllu liður, þá er það staðreynd, sem við höfum fengið að kenna á, að kvenkenndir þattir eiga ekki upp á pallborðið í heimi stjórnmálanna, hvorki að því er varðar málezfni né vinnubrögð. Þar er það hanaslagurinn og hörðu málin, sem gilda.

Og sé þessi grunnhugmynd svo sterk, sem þessar tvær fræðikonur ganga út frá, þá er hætt við, að baráttan eigi langt í land og langt þangað til við náum því marki að leggja Kvennalistann niður. Því auðvitað er þetta ekki okkar skilningur á því um hvað stjórnmál eiga að snúast. Og við erum sem betur fer ekki aldeilis einar um þann skilning. Nýlegar viðhorfskannanir benda til sívaxandi áherslu á einmitt þau mál, sem Kvennalistinn hefur frá upphafi lagt mesta áherslu á, þ.e. hin svokölluðu "mjúku mál". Þess vegna er það óþolandí, að hin karlkenndu öfl fái að ráða ferðinni svo eindregið sem þau gera, dyggilega studd af fjölmíðlunum.

Og hver eru svo þessi svokölluðu mjúku mál, og hvers vegna skyldu þau nú vera fólk i hugleikin?

Jú, þau varða okkar daglega líf.

Þau varða aðbúnað barnanna okkar.

Þau varða möguleika okkar til að lifa farsælu fjölskyldulífi.

Þau varða jafnrétti til orðs og æðis, húsnæðis, fæðis og klæða, til menningar, menntunar og mannsæmandi launa.

Þau varða verndun umhverfis og virðingu fyrir lífinu.

Um þetta eiga stjórnmál að snúast að dómi mikils hluta þjóðarinnar, þegar allt kemur til alls. Og þeir sem þannig huga eru ekkert tilbúnir að biða eftir því að röðin komi að þessum málum, þangað til búið er að leysa efnahagsvandann og vanda atvinnuveganna. Þeir vita nefnilega sem er, að slikur vandi er og verður alltaf til staðar í einu eða öðru formi.

Þeir vita líka, að hluti af lausn þess vanda er fólginn í breyttri forgangsröðun og áherslu á málefni, sem standa fólk i næst - mjúku málín - vegna þess að helsta auðlind okkar er fólkis sjálft, og heilbrigður, vel upplýstur og ánægður einstaklingur er sjálfum sér og þjóðféluginu meira virði en sjúkur, fákunnandi og vansæll.

Um þetta eiga stjórnmál að snúast.

*Thordur Þorðarson*